

Áskorun

Áskorun til ríkisstjórnar Íslands frá aðalfundi Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, 20. febrúar 2010, um málefni almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 20. febrúar 2010, varar eindregið við þeirri stefnubreytingu, sem varð í tíð fyrri ríkisstjórnna, en núverandi ríkisstjórn hefur ótrauð fram haldið, að einskorða bætur almannatrygginga einvörðungu við þá sem verst eru settir í samfélaginu. Með því er endanlega horfið frá því tryggingahugtaki, sem er hornsteinn velferðarkerfisins og snúið inn á þá braut opinberrar framfærslu sem höfundar kerfisins vildu forðast í öndverðu. Velferðarkerfi sem er svelt og rúið með þessum hætti gengur þvert á það yfirlýsta markmið ríkisstjórnarinnar „að skapa norrænt velferðarsamfélag á Íslandi“.

Aðalfundurinn skorar því á stjórnarflokkana að snúa nú þegar af þessari háskalegu braut, kynna sér gaumgæfilega það velferðarkerfi á Norðurlöndum, þar sem skerðingar eru algerar undantekningar en ekki regla, og feli ríkisstjórninni að leggja fram ítarlega áætlun um hvernig slíkt kerfi megi innleiða hér í skýrt afmörkuðum og tímasettum áföngum jafnóðum og þjóðin rís upp úr núverandi efnahagslegum öldudal.

Það er með öllu óþolandi, að ríkissjóður sé, eins og einn helsti ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í velferðarmálum orðar það, orðinn „stærsti lífeyrisþeginn“ hjá því lífeyrissjóðakerfi, sem launþegar landsins hafa með ærnum fórnnum byggt upp síðastliðna hálfu öld, með því að hirða $\frac{3}{4}$ útgreiðslna úr kerfinu í formi skatta og skerðinga á áunnum réttindum.

Sú kynslóð sem nú er komin á eftirlaun hefur greitt til almannatryggingakerfisins alla ævi. Grunnlífeyrir TR er því uppsafnaður sparnaður eldri borgara, sem þeir hafa allt frá 16 ára aldri greitt til almannatrygginga og ber því að endurgreiða refjalaust á efri árum. Þessu til viðbótar kom þessi kynslóð upp lífeyrissjóðakerfinu, sem senn hefur verið virkt um 40 ára skeið. Með því taldi hún sig hafa komið sér upp vísi að sjálfbæru velferðarkerfi, sem gerði hverri kynslóð í landinu fært að greiða sjálf vegferð sína gegnum lífið, án þess að íþyngja þeim sem eru á vinnumarkaði hverju sinni. Á því leikur nánast ekki nokkur vafi, að ef eftirlaunafólk nútímans fengi óskertan lífeyri úr almannatryggingum til viðbótar greiðslum úr sínum lífeyrissjóði gæti það nú upp til hópa búið við þægindi og öryggi í ellinni. Ákvörðun stjórnvalda um að skerða grunnlífeyri eftirlaunafólks virðir í engu þær forsendur fyrir greiðslum eldri borgara til Tryggingastofnunar, sem lagðar voru inn í þeirri trú fyrr á starfsævinni, að þær gætu í fyllingu tímans stuðlað að áhyggjulausu ævikvöldi. Því felur fundurinn stjórn félagsins að láta fara fram könnun á því hvort ráðstafanir ríkisstjórnarinnar standist ákvæði laga og stjórnarskrár og alþjóðlegra mannréttindasáttmála, sem Ísland á aðild að.

Jafnframt sér aðalfundurinn ástæðu til að minna á og ítreka þá samþykkt sem gerð var á síðasta aðalfundi félagsins 2009 um málefni lífeyrissjóðanna enda er efni hennar, því miður, ekki síður tímabært nú en var á síðastliðnu ári.